



Íþrótt og leikjanámskeið Keflavíkur

2019



**Keflavík
Íþrótt- og ungmennafélag**

Sunnubraut 34

230 Reykjanesbær

Sími: 421-3044

Formaður Aðalstjórnar: Einar Haraldsson

Framkvæmdarstjóri Knattspyrnudeildar: Jónas Guðni Sævarsson

Umsjónarmaður skólans: Sindri Kristinn Ólafsson

Efnisyfirlit

Undirbúningur.....	Bls.4
Markmið.....	Bls.4
Tímabil.....	Bls.4
Markaðsetning.....	Bls.4
Skráningar.....	Bls.5
Þáttökugjald.....	Bls.5
Mæting og þátttaka.....	Bls.5
Samband við foreldra.....	Bls.6
Stofnanir og fyrirtæki.....	Bls.6
Lokadagur.....	Bls.6
Slys.....	Bls.7
Starfsfólk og leiðbeinendur.....	Bls.7
Vinnuskóli Reykjanesbæjar.....	Bls.8
Börn sem þurfa aukna aðstoð.....	Bls.8
Aðstaða.....	Bls.8
Dagskrá.....	Bls.9
Fyrra- og seinna námskeið.....	Bls.9-10
Samstarfsaðilar.....	Bls.11
Kostnaður.....	Bls.11
Að lokum.....	Bls.12
Kynjahlutfall.....	Bls.12

Undirbúningur

Aðalstjórn Keflavíkur íþróttá- og ungmannafélags gerði samning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um að starfrækja íþróttá- og leikjanámskeið.

Aðalstjórn Keflavíkur fól knattspyrnudeild Keflavíkur að sjá um námskeiðin og er það í fyrsta skipti í langan tíma sem hún sér um svona verkefni. Knattspyrnudeildin réði Sindra Kristinn Ólafsson til að hafa yfirumsjón með leikjanámskeiðunum.

Markmið

1. Auka hreyfifærni og líkamlega getu
2. Kynnast útvist og leik betur
3. Ná betur saman með öðrum börnum
4. Efla og auka félagslegan þroska
5. Kynnast Reykjanesbæ og nágrenni betur
6. Njóta lífsins og hafa gaman!

Tímabil sem voru í boði

Íþróttá- og leikjanámskeið Keflavíkur bauð uppá tvö þriggja vikna námskeið þetta sumarið. Fyrra námskeiðið var frá 11. júní til 28. júní og var í boði að velja fyrir (09:00-12:00) eða eftir (13:00-16:00) hádegi fyrir börnin. Seinna námskeiðið var frá 1. júlí til 19. júlí og einnig var í boði að velja annaðhvort fyrir eða eftir hádegi.

Kynningar og markaðssetning

Farin var öðruvísí leið í kynningarstarfseminni þar sem fyrirvarinn var mjög svo stuttur. Farið var í það að auglýsa einungis á samfélagsmiðlum en meðal annars var auglýst á: Instagram reikningi Keflavikfc, Facebook síðum félagsins, heimasiðu félagsins (<https://www.keflavik.is>) og fleiri stöðum.

Skráningar

Skráning á íþróttá- og leikjanámskeiðin fór alfarið fram á skráningarkerfinu Nóra <https://keflavik.felog.is> sem Keflavík hefur aðgang að. Inni á Nóra má finna allar upplýsingar sem þarf.

Þáttökugjald

Skráningargjald á íþróttá- og leikjanámskeiðin var 10.000 – isk. 2.500 – isk systkinaafsláttur var veittur eða 25% afsláttur af seinna barni og 50% af þriðja barni. Sum börn borguðu minna sem byrjuðu seinna á námskeiðinu.

Þátttaka – Mæting

Þátttaka á námskeiðin var misjöfn en heilt yfir mjög góð. Það útskýrir sig í því að námskeiðið komst ekki á legg fyrr en viku fyrir fyrsta dag á námskeiðinu og skóla lokið og því ekki hægt að koma skilaboðum til barnanna í gengum skólana.

Á fyrra námskeiðinu (11.-28.júní) var í boði að vera fyrir hádegi (09:00-12:00) og þar voru 13 börn skráð, einnig var í boði að vera eftir hádegi (13:00-16:00) þar voru 18 börn skráð. Sem sagt á fyrra námskeiði voru 31 barn.

Á seinna námskeiðinu (1.-19.júlí) var líka í boði að vera fyrir hádegi (09:00-12:00) og þar voru 9 börn skráð, eftir hádegi (13:00-16:00) voru 68 börn skráð. Á seinna námskeiði voru 77 börn.

Í heildina voru 108 börn sem komu á námskeiðin.

Samband við foreldra

Samband við foreldra er gífurlega mikilvægur hluti svo börnin séu að njóta sín og svo megi leysa betur úr vandamálum hvernig sem þau koma fyrir. Ef foreldrar þurftu að fá upplýsingar var notast við tölvupóst og gekk það mjög vel. Einstaka tilfelli komu upp að viðkomandi las ekki eða sá ekki tölvupóstinn sinn og var það yfirleitt leyst vel. Samband okkar við foreldra var með besta móti og voru foreldrar almennt séð virkilega samvinnuþýðir og tilbúnir að leyfa börnunum sínum að taka þátt í öllum þeim dögum sem voru í boði á námskeiðinu og erum við virkilega þakklát foreldrum fyrir sinn hlut í garð leikjanámskeiðanna.

Stofnanir og fyrirtæki

Íþróttá- og leikjanámskeiðið reyndi að heimsækja sem flesta staði í bænum og sýna krökkunum hvað býr í okkar frábæra fólk í bænum okkar. Slökkvistöðin var heimsótt á báðum námskeiðum og einnig lögreglustöðin. Einnig var heimsótt 88-Húsið, Bókasafn Reykjanesbæjar, Skessuhellinn, Sambíóin og Whale whatching Suðurnes.

Lokadagur

Á síðasta degi hvers námskeiðs var það gert upp með uppskeruhátið. Þar mættu bæði fyrir og eftir hádegi saman og einnig var öllum foreldrum, ömmum og öfum boðið að koma með. Haldin var glæsileg grillveisla þar sem allir máttu fá sér. Þá fengu öll börn skólans viðurkenningu fyrir þátttöku sína í íþróttá- og leikjanámskeiði Keflavíkur. Mikil ánægja var með þessa lokadaga og hélt Sindri Kristinn stutt erindi og þakkaði fyrir þátttökuna.

Slys

Engin meiriháttar slys urðu á börnunum né starfsmönum. Tvö minniháttar slys komu upp þar sem einn ungur piltur rakst utan í einskonar grindverk og uppskar lítinn skurð á höfuðið og mætti hann vel stemmdur daginn eftir. Síðan var ein ung stelpa sem var að hjóla á leikjanámskeiðið og missti jafnvægi á reiðhjólinu sínu stuttu frá og datt beint á andlitið og framtönn barnsins brotnaði. Starfsmenn fundu brotið eftir stutta leit og faðir stelpunnar kom og fór með hana beint til viðeigandi tannlæknis og mætti stelpan með bros á vör daginn eftir með stráheila framtönn.

Starfsmenn og leiðbeinendur

Starfsmenn leikjanámskeiðanna voru tveir talsins og þeir nutu góðrar aðstoðar frá Vinnuskóla Reykjanesbæjar.

Starfsmenn leikjanámskeiðanna voru eftirfarandi:

- Sindri Kristinn Ólafson 22 ára, yfirumsjón með leikjanámskeiðunum.
- Ísak Óli Ólafsson 19 ára, aðstoð og hjálp við skipulagningu.
 - Vinnuskóli Reykjanesbæjar
 - Agnes Perla Sigurðardóttir – 15 ára
 - Agnes María Svavarsdóttir – 15 ára
 - Anna Lára Vignisdóttir – 15 ára
 - Andrea Ósk Júlíusdóttir – 16 ára
 - Gyða Dröfn Davíðsdóttir – 15 ára
 - Flosi Gunnar Guðmundsson – 16 ára
 - Alexander Vilmar – 15 ára

Vinnuskóli Reykjanésbæjar

Vinnuskóli Reykjanésbæjar spilaði mikilvæga stöðu í íþróttar- og leikjanámskeiðunum þar sem þeir færðu okkur þann mannskap sem leikjanámskeiðin þurfti á að halda svo hægt væri að hafa gætur á öllum þeim börnum sem voru á námskeiðinu. Vinnuskólinn á skilið miklar þakkar frá Keflavík fyrir að hafa aðstoðað okkur. Frábært starfsfólk sem stóð sig með prýðum og yfirflokkstjórar Vinnuskólans aðstoðuðu mikið með hröðum vinnubrögðum ef það vantaði auka stafsmenn.

Börn sem þurfa aukna aðstoð

Öllum börnum var hleypt á námskeiðið en við fengum engin fötluð börn þó við hefðum endilega viljað það og einnig er það eitthvað sem við getum skoðað fyrir næsta námskeið að ná að hvetja þau börn til að koma á námskeiðið. En við fengum samt sem áður 3 börn með einhverfu og gekk hrikalega vel með þau börn og viljum við meina að við þurfum að fá öll börn með einhverfu til okkar því svona leikjanámskeið er klárlega eitthvað sem þau geta notið. Við áttum gott samband við foreldra sem áttu börn með sérþarfir og viljum við endilega hvetja fleiri börn til að koma sem þurfa mögulega aukna aðstoð.

Aðstaða

Aðstaðan sem íþróttar- og leikjanámskeiðin voru með til notkunar var Íþróttahúsið við Sunnubraut (Blue-Höllin) þar sem börnin mættu alltaf í upphaf námskeiðsins og einnig enduðum við alltaf í Blue-Höllinni. Starfsfólk Íþróttahússins á mikið lof skilið fyrir mikla þolinmæði í garð okkar og voru ávallt tilbúin að aðstoða okkur og hleypa okkur inn ef það var málið. Einnig nýttum við okkur mikið ungmannagarðinn í 88-húsinu og vil ég þakka Gunnhildi Gunnarsdóttur fyrir að leyfa okkur að nota aðstöðuna þar. Annars nýttum við okkur aðstöðu sem Reykjanésbær bauð uppá eins og skólalóðir og þess háttar.

Dagskrá

Gerður var bæklingur með allri dagskrá og fengu allir bæklinginn sendan í tölvupósti svo allir hefðu dagskrá hjá sér. Tekið var fram að breytingar gætu átt sér stað en á fyrra námskeiði þurfti engar breytingar. Seinna námskeiðið þurfti smá lagfæringar vegna sundferðar en allir tóku vel í það. Lang flestir voru virkilega ánægðir með fjölbreytta og skemmtilega dagskrá. Dagskrá fyrra og seinna námskeiðs var með svipuðu móti en örlítið breytt milli námskeiða.

Fyrra námskeið

11. júní – Fyrsti dagurinn þar verður farið í létta leiki, skipt í hópa og allir kynnast.

12. júní – Göngutúr og leikir

13. júní – Skoðunarferð

14. júní – Fjöruferð

17. júní – FRÍ – Þjóðhátíðar dagur okkar Íslendinga

18. júní – Hjólreiðarferð

19. júní – Víkingaheimsókn

20. júní – Óvenjulegar íþróttir

21. júní – Fjársjóðsdagur

24. júní – Sundferð

25. júní – Heimsóknardagur

26. júní – Ratleikur

27. júní – Óvissuferð (Allir saman) Farið var í Hvalaskoðun.

28. júní – Lokadagur! Grillveisla og námskeiðið gert upp

Seinna námskeið

1. júlí – Fyrsti dagurinn þar verður farið í léttu leiki, skipt í hópa og allir kynnast.

2. júlí – Göngutúr og leikir

3. júlí – Skoðunarferð

4. júlí – Fjöruferð

5. júlí – Suðurnesjadagur

8. júlí – Hjólreiðarferð

9. júlí – Rokk og Ról (Rokksafnið)

10. júlí – Íþróttadagur

11. júlí – Fjör og göngutúr

12. júlí – Heimsókn og fjör

15. júlí – Sundferð

16. júlí – Ratleikur

17. júlí – Óvissuferð (Allir saman) Forsýning á Lion King.

18. júlí – Fjársjóðsleit

19. júlí – Lokadagur! Grillveisla og námskeiðið gert upp.

Samstarfsaðilar

Að hafa góða samstarfstarfsaðila í starfi sem þessu er gífurlega mikilvægt þar sem að svona starf getur verið kostnaðarsamt. Fólk og stofnanir í bænum voru í öllum tilfellum tilbúin að aðstoða leikjanámskeiðið á einn eða annan hátt sem við kunnum þeim mikla þakkar fyrir. En helstu samstarfaðilar íþróttá- og leikjanámskeiðs Keflavíkur 2019 voru :

- Reykjanesbær, BUS4U, Vinnuskóli Reykjanesbæjar, 88-Húsið, Aðalstjórn Keflavíkur, Íþróttahúsið við Sunnubraut, Brunavarnir Suðurnesja, Lögreglan í Keflavík, Bókasafn Reykjanesbæjar og að sjálfsögðu Mennta- og menningarmálaráðuneyti Íslands sem styrkti skólann svo hægt væri að halda námskeiðið með tilteknum hætti og erum við virkilega þakklát fyrir þann styrk sem var veittur í þágu félagsins og barna sem nutu góðs af námskeiðinu.

Kostnaður

Þegar leikjanámskeið eru haldin á annað borð eru þau bæði kostnaðarsöm og skila litlum peningum inn og sömuleiðis fer gífurlega vinna í þau vegna skipulagningar og annarrar fyrirhafnar. Til þess að hægt sé að halda veglegt leikjanámskeið þar sem krakkarnir njóti sín og hægt sé að gera skemmtilega hluti þarf styrk. Styrkurinn kom frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti Íslands vegna stöðu á vinnumarkaðinum hér á Suðurnesjum (fall Wow air). Við kunnum Mennta- og menningarmála ráðherra bestu þakkar fyrir.

Einnig styrkti Reykjanesbær leikjanámskeið í formi strætókorts og hleypti börnunum í sund í Vatnaveröld. Einnig nýttum við okkur alla þá aðstöðu sem Reykjanesbær býður uppá.

Hvert barn borgaði 10.000 – isk í þátttökugjald eins og áður hefur komið fram en það gera um 666 – isk á dag sem er mjög gott verð fyrir fólk en það gefur augaleið að það nægir ekki fyrir öllu því sem var gert á námskeiðinu svo sem bíóferð, hvalaskoðun, fjársjóðsleit og fleira.

Að lokum

Fyrir hönd knattspyrnudeilda Keflavíkur vil ég undirritaður þakka öllum sem komu að íþróttá- og leikjanámskeiði Keflavíkur á einn eða annan hátt kærlega fyrir aðstoðina og þolinmæðina í okkar garð. Er þetta starf eitthvað sem knattspyrnudeildin myndi vilja endurtaka. Námskeið sem þetta er gefandi fyrir alla starfsmenn og allt bæjarfélagið í heild sinni. Takk fyrir okkur.

Erfitt er að átta sig á því hvort þetta sé að skila sér til þess fólks sem er búið að missa vinnuna eða er að fara að missa vinnu. Áhrifin eru ekki alveg komin í ljós enn. Fróðlegt verður að sjá hvaða áhrif þetta hefur þegar kemur að innritun hjá deildum í haust hvort að við séum að sjá brottfall, en við munum fylgjast með því og bregðast við ef á þarf að halda.

Kynjahlutfall

Gaman er að skoða smá tölfræði þegar rýnt er í hana. Þegar kynjaskiptingin er skoðuð ef við skiptum krökkunum niður í stelpur og stráka með fullu tilliti til annara kynja. En skiptingin er mjög áhugaverð þar sem hún er hrikalega jöfn og verður það að teljast jákvætt. En strákar voru um 52% af heildarfjölda og stelpur um 48% af heildarfjölda.



Sindri Kristinn Ólafson yfirumsjón með leikjanámskeiðunum

Einar Haraldsson formaður
Keflavíkur íþróttá- og ungmennafélags.